

# FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

12. september 2025 | 16. árgangur 13. tölublað



## FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

### Sundlaugin á Þelamörk


VETRAROPNUN

|                         |               |
|-------------------------|---------------|
| MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA | 16:00 - 22:30 |
| FÖSTUDAGA               | LOKAÐ         |
| LAUGARDAGA              | 11:00 - 18:00 |
| SUNNUDAGA               | 11:00 - 22:30 |



### Viðhald ljósastaura

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 15. september 2025, ef úrbætur á að gera núna. Viðhaldi verður sinnt í lok september. Tilkynningar þurfa að berast skrifstofu Hörgársveitar, í síma 460 1750 eða á [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is).



### Gangnaseðlar í Hörgársveit 2025

Sjá má gangnaseðla og réttir í sveitarfélaginu með því að smella **HÉR**

### Næsti fundur sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 25. september klukkan 15:30.

# Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 11. september 2025 kl. 08:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

## 1. Tónlistarskóli Eyjafjarðar, kostnaðarskipting

Guðlaugur Viktorsson skólastjóri kom til fundar við sveitarstjórn og fór yfir áætlun um rekstur tónlistarskólans og fyrirhugaðar breytingar á kostnaðarskiptingu milli aðildarsveitarfélaganna.

## 2. Fundargerð afgreiðslufundar SBE frá 99. fundi

Fundargerðin lögð fram.

## 3. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 312. fundi

Fundargerðin lögð fram.

## 4. Fundargerð stjórnar Samb.ísl. sveitarfélaga frá 983. fundi

Fundargerðin lögð fram.

## 5. Stígamót erindi

Erindi lagt fram þar sem óskað er eftir fjárstuðningi.

*Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2026.*

## 6. SUNN erindi v. laxeldis

Erindið er varðar sjókvíaeldi í Eyjafirði lagt fram.

*Sveitarstjórn ítrekar andstöðu sína við sjókvíaeldi við innanverðan Eyjafjörð.*

## 7. Lækjarvellir, gatnagerð

Lagður fram verksamningur við Bjargarnámu ehf kt. 600625-2170 vegna gatnagerðar og lagna við næsta áfanga Lækjarvalla.

*Sveitarstjórn samþykkti samninginn.*

## 8. Göngu- og hjólastígur

Umræður um stöðu mála.

*Sveitarstjórn samþykkti að veita sveitarstjóra heimild til að ganga frá samningum við landeigendur sem við á um staðsetningu stíga.*

**Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 10:25**

Skráning á póstlista fréttabréfsins

